

**Sp.**

**316. Fyrirspurnir.**

[163. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um skuldir Íslendinga við aðrar þjóðir.

Frá Skúla Guðmundssyni.

- a. Hvað námu skuldir þjóðarinnar við önnur lönd mikilli fjárhæð um síðustu áramót, reiknaðar í íslenskum krónum með núverandi gengi:
  1. Föst lán.
  2. Lausar skuldir?
- b. Hvað er talið, að afborganir og vaxtagreiðslur af föstum erlendum lánum nemi miklu í íslenskum peningum árið 1969?

II. Til landbúnaðarráðherra um stækkun áburðarverksmiðjunnar.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin formlega samþykkt áætlanir Áburðarverksmiðjunnar um fyrirhugaða stækkun?
2. Hvaða áburðartegundir er fyrirhugað að framleiða í áburðarverksmiðjunni eftir stækkunina?
3. Hefur verið gerð nákvæm rekstraráætlun fyrir hina nýju verksmiðju? Og hver verður þá framleiðslukostnaður á hverri köfnunarefniseiningu í hverri áburðartegund, miðað við núgildandi verðlag? Og hvernig er hann borinn saman við verðlag á samsvarandi áburði erlendis?
4. Með hvaða verði á raforku til verksmiðjunnar er reiknað?